gamni sjer í skálanum, og skildi hún vera
með öllu óhræddi, en er þær voru þetta að tala,
heyrdist annað hljóðið, og svo mjög aumkunar-
legt, þá stóðst maurin ekki lengur og hljóp
ofan, og sem hún kemur móts við skáladyrn-
ar, sjer hún bróðir sinn dauðann, við skála-
þröskuldinn, en blóðtjörnin þar hjá í göngun-
um. Leitar hún þá til dyra en niðamyrkur
var úti, og fer hún eitthvað í myrkrinu,
þartil verður fyrir henni kofi einn, það
var hestshús Bjarnar, þar hleypur hún inn
og tretur sjer uppá bita í húsinu og leggur
þar milli háms og helju. Að lítilli stundu lið
inni kemur Björn, og lætur greipar sópa
um gólfið allt og stallinn, en finnur ekki
og fer við svo búið út aftur. Treistist hún þá
eigi að haldast lengur við þar og hleypur
ofani hraunið, og felur sig þar í hraungjótu
einni. Sjer hún þá að gjá er borið þvá bar-
um, og ofanað húsinu sem hún var í. Litlu síðar
verður hún þess vör að hundar 2 koma í
gjótu barminn þarsem hún lá niðri í en ekki
höfðu þeir neitt verðar af henni og náðu
þar eigi staðar. Skreið hún þá úr felgnsi
sínu og komst um nóttina að bæ þeim er á